

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn mánudaginn 19. september 2022 kl. 16:30 að Laugavegi 13, Reykjavík, í húsnæði Stofnunar Árna Magnússonar og var þetta 93. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir, Magnús Jóhannsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Runólfur Pálsson hafði boðað forföll.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 92. fundar (23. maí 2022), sem send hafði verið nefndarmönnum í tölvupósti, var samþykkt án athugasemda.

2. **Ársskýrsla nefndarinnar** fyrir árið 2022 til Læknafélags Íslands vegna aðalfundar var lögð fram til formlegrar samþykktar, en hún hafði áður verið send nefndarmönnum.

3. **Orðabókarvinnan:** Fyrir fundinum lá orðalisti verkefna sumarsins sem sendur hafði verið nefndarmönnum til yfirferðar, en verkefnin voru unnin með rafrænum samskiptum án funda.

- a) **Criteria.** Farið var aftur yfir tvær færslur sem höfðu komið til umræðu að gefnu tilefni: exclusion criteria, íslenska: útilokunarskilmerki og útilokunarskilyrði og inclusion criteria, íslenska: inntökuskilmerki og inntökuskilyrði.
- b) **Lymphoma.** Farið var aftur yfir tvær færslur sem höfðu komið til umræðu vegna fyrirspurnar: diffuse large B-cell lymphoma, íslenska: B-stórfrumueitilæxli með dreifmeingerð og samheitið: stórfrumueitilæxli með dreifmeingerð og follicular lymphoma, íslenska: eitilfrumuæxli með hnútameingerð og samheitin: eitilbúaeitilæxli, eitilhnútaeitilæxli, eitilfrumuæxli með eitilbúameingerð.
- c) **Pox.** Farið var aftur yfir þrjár færslur: pox, sem bóla eða blaðra, pox, sem bólusótt eða bólusjúkdómur, og poxvirus, sem bóluveira. Tilefnið var ný færsla með enska heitinu monkeypox, sem apabóla eða apaveirubóla, og æskileg samræming á öllum þeim samsettu heitum í Íðorðasafni lækna sem innihalda orðhlutann „pox“.
- d) **Granuloma.** Farið var yfir tvær færslur sem höfðu komið til umræðu s.l. sumar: granuloma sem bólguhnúður með samheitinum: bólguvefshnúður, græðsluvefshnúður og roðagræðsluhnúður, og granuloma sem átfrumuhnúður með samheitinu risafrumubólguhnúður. Skilgreiningar fyrirbæranna voru staðfestar.
- e) **Graph:** Þetta heiti hafði komið til umræðu vegna ábendingar um endurskoðun á íslensku heiti. Skráð voru nú íslensku heitin: myndrit og graf og gengið frá skilgreiningu á fyrirbærinu.

Önnur mál:

- f) JHJ nefndi og kynnti nokkur vænleg verkefni, sem gætu komið til úrvinnslu hjá nefndinni á næstu mánuðum, ýmist tengd því sem rætt var á fundinum, eldri verkefni í bið eða alveg ný verkefni.

Næsti fundur. Næsti orðanefndarfundur er ráðgerður mánudaginn 17. október 2022. JHJ mun að venju undirbúa fundinn og boða með tölvupósti.

Fundi var slitið kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.